

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 34/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1682 frá 12. nóvember 2020 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1683 frá 12. nóvember 2020 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur ⁽²⁾, leiðrétt í Stjtið. ESB L 397, 26.11.2020, bls. 30.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1684 frá 12. nóvember 2020 um breytingu á VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009) í XVI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32020 R 1682**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1682 frá 12. nóvember 2020 (Stjtið. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 31),
- **32020 R 1683**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1683 frá 12. nóvember 2020 (Stjtið. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 34), leiðrétt í Stjtið. ESB L 397, 26.11.2020, bls. 30,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 34.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 42.

– **32020 R 1684**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1684 frá 12. nóvember 2020 (Stj tíð. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 42).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2020/1682, (ESB) 2020/1683, sbr. leiðréttingar í Stj tíð. ESB L 397, 26.11.2020, bls. 30, og reglugerðar (ESB) 2020/1684, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.